

Fundargerð 29. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál
Fundur haldinn í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu 31. október í 2016 kl. 14.00

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Samþætting áætlana ráðuneyta við markmið byggðaáætlunar
3. Yfirferð á drögum að tillögum í byggðaáætlun 2017-2023

Mættir: Hanna Dóra Másdóttir formaður (ANR), Anna Katrín Vilhjálmisdóttir (UTN), Björn Helgi Barkarson (UAR), Stefanía Traustadóttir (IRR), Steinunn Halldórsdóttir (FOR), Þórarinn V. Sólmundarson (MMR), Árni Ragnarsson, Snorri Björn Sigurðsson og Hólmfríður Sveinsdóttir (Byggðastofnun), sem ritaði fundargerð.

Fjarverandi: Helga Haraldsdóttir (ANR), Karitas H. Gunnarsdóttir (MMR), Karl Björnsson (sambandinu), Sigurður Guðmundsson (FJR) og Þór G. Þórarinsson (VEL).

Umfjöllun og afgreiðsla:

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð 28. fundar hafði verið send fundarmönnum og samþykkt án athugasemda.

2. Samþætting áætlana ráðuneyta við markmið byggðaáætlunar

Fyrir fundinn hafði formaður óskað eftir að fulltrúar ráðuneytanna gerðu grein fyrir því hvar vinna við samþættingu áætlana við markmið byggðaáætlunar er stödd í hverju ráðuneyti fyrir sig og hvenær Byggðastofnun geti fundað með ráðuneytunum um tillögurnar. Umræður urðu um stöðuna og hvernig vinnan gæti best nýst við mótun nýrrar byggðaáætlunar.

3. Yfirferð á drögum að tillögum í byggðaáætlun 2017-2023

Farið var yfir drög að tillögum sem liggja fyrir vegna mótunar nýrrar byggðaáætlunar 2017-2023. Miklar og góðar umræður um tillögurnar. Fulltrúar stýrihópsins fá tillögurnar sendar í tölvupósti og óskað verður eftir að ráðuneytin lýsi viðhorfum til tillagnanna og sendi til Byggðastofnunar fyrir 10. nóvember. Í kjölfarið verða haldnir fundir í hverju ráðuneyti.

Næsti fundur stýrihópsins hafði verið boðaður miðvikudaginn 16. nóvember kl. 10.30-12.30.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16.00.